

Fiskimjölsværksmiðja Bolung ehf.  
Einar Jónatansson  
Aðalstræti 21  
415 Bolungarvík

## UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566  
postur@umhverfisraduneyti.is  
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 29. júní 2010  
Tilv.: UMH10050125/20-1


Vísað er til erindis yðar frá 5. mars sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá starfsleyfi fyrir Fiskimjölsværksmiðju Bolungarvíkur ehf.


Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar um erindi yðar. Í umsögn stofnunarinnar frá 8. þ.m. kemur fram að Fiskimjölsværksmiðja Bolungarvíkur ehf. hafi lagt fram umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Þá segir að rekstararaðili hafi staðið við þau skilyrði sem sett voru í fyrri undanþágu sem ráðuneytið veitti þann 16. janúar 2009 og að rekstur værksmiðjunnar sé ekki umfangsmikill. Loks kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að stofnunin leggi til að veitt verði tímabundin undanþága.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 2. ml. 1. mgr. 5. gr. a laga nr. 55/2003 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir Fiskimjölsværksmiðju Bolungarvíkur ehf. þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi síðar en til 1. janúar 2011. Undanþága þessi er bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili starfi í samræmi við starfsleyfi sem gefið var út fyrir Fiskimjölsværksmiðjuna Gná hf. og uppfylli skilyrði þess þar til að nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út og að mengunarvarnaeftirlit sé í samræmi við eldra starfsleyfi.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir

  
Kristín Rannveig Snorradóttir

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Vestfjarða